



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

182. fundur skólanefndar FS 2. desember 1993

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Gísli Torfason, Gestur Páll Reynisson, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúarnir Ingimundur Guðnason úr Gerðahreppi og Jón Ingi Baldvinsson úr Vatnsleysustrandarhreppi.

Dagskrá:

1. Umsögn um skóla slökkviliðsmanna.
2. Heiðursmerki FS.
3. Önnur mál

Kristbjörn stjórnaði fundi í forföllum formanns og varaformanns. Hann setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Umsögn um skóla slökkviliðsmanna.

Borist hefur erindi frá bæjarráði Keflavíkur þar sem þess er farið á leit við skólanefnd að hún veiti umsögn um reglugerð um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna sem bæjarráði hefur borist frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hjálmar kynnti málið og lagði til að skólinn bjóðist til þess að sjá um nám slökkviliðsmanna. Bóklegi hlutinn færi þá fram í skólanum en verklegt nám hjá Brunavörnum Suðurnesja og Slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hann benti á að skólinn hefur reynslu af að reka sérbrautir eins og flugliðabraut og netagerðarbraut og á svæðinu eru tvö af best búnu slökkviliðum landsins. Samþykkt samhljóma að senda bréf þar sem nefndin býðst til að taka nám slökkviliðsmanna inn í skólann.

2. Heiðursmerki FS.

Hjálmar rifjaði upp umræðu um heiðursmerki FS frá síðasta fundi og sagði frá fundi undirbúningsnefndar. Rætt um að skipta merkinu í tvö stig; silfurmerki verði veitt þeim sem hafa unnið skólanum gagn og gullmerki þeim sem unnið hafa skólanum verulegt gagn þannig að skipt hafi sköpum varðandi framgang og þróun skólans. Samþykkt samhljóma að taka merkin upp og að úthlutun verði í höndum nefndar sem verði skipuð skólameistara og fulltrúum skipuðum af skólanefnd, kennarafundi og stjórn nemendafélagsins. Nefndin þarf að vera einhuga um úthlutun. Nokkuð rætt um hvað eigi að kalla merkin og ákveðið að úthlutunarnefndin taki ákvörðum um það.




Fjölbrautaskóli Suðurnesja


Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

3. Önnur mál.

- a) Skólaslit haustannar verða sunnudaginn 19. desember kl. 14:00 á sal skólans. Alls eru 67 nemendur skráðir í útskrift. Nefndarmenn voru boðnir velkomnir til athafnarinnar.
- b) Gestur Páll spurði um mötuneyti nemenda. Hjálmar svaraði fyrirspurninni og lagði til að þeir Gestur ræddu málið nánar síðar.
- c) Gestur Páll spurðist fyrir um skólabók og skólaskýrslu en rætt hefur verið um að gefa þær út á næstunni og slá þeim þá saman í eina bók. Hjálmar og Gestur Páll ræða málið betur.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari